

STARFSÁÆTLUN FÉLAGSMIÐSTÖÐVARINNAR FÖNIX (SALASKÓLA) 2023-2024



Efnisyfirlit

Hagnýtar upplýsingar	3
Félagsmiðstöðvadaatal	3
Starfið í vetur	4
Hópastarf	5
Sumaropnun félagsmiðstöðvar	6
Unglingaráð	6
Foreldrasamstarf	7
Verkefni tengd aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar.....	8
Verkferlar.....	8
Innra og ytra mat	8
Símenntun	9
Fjöldatölur veturinn 2022-2023	10
Starfsfólk	10

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Fönix er staðsett í Salaskóla að Versölum 5 og þjónustar börn og unglinga í 5. – 10. bekk. Fjöldi barna og unglinga sem félagsmiðstöðin þjónustar er 339. Forstöðukona í Fönix er Tinna Heimisdóttir. Síminn í Fönix er 696-1627 og netfang forstöðukonu er tinnaheimis@kopavogur.is

Á mánudögum klukkan 17:00-18:30 fer fram sértækt hópastarf og klúbbastarf fyrir 8.-10.bekk og svo opnun samkvæmt dagskrá frá 19:30-22:00. Á miðvikudögum er opið fyrir 5.-7.bekk frá kl. 17:00-18:30 aðra hverja viku og fyrir 7.bekk eingöngu aðra hverja viku. Svo er opnun samkvæmt dagskrá frá 19:30-22:00 fyrir 8.-10.bekk. Einnig er opið annan hvern föstudag frá kl. 19:30-23:00, ásamt auka föstudagsopnunum tvisvar sinnum á önn. Mánudaga til fimmtudaga er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir. Opnanir geta raskast vegna funda og fræðslu starfsfólks.

Félagsmiðstöðvadagatal

JÚLÍ '24	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 M	1 F Opó	1 S	1 M Nordic Youth Month / Sluttmýndasmíða	1 F	1 M Mánudagur	1 F	1 F Opó - Október Félö	1 M Annar í Páskum	1 M Venjaskyldagurinn	1 L
2 Þ	2 L	2 M Forvarnarlíka - alar heio	2 F	2 L	2 Þ Liti forstöðumannafundur / Mólín	2 F Nýársbál - Pegasus	2 L Október Félö	2 Þ Forstöðumannafundur	2 F	2 S
3 M	3 S	3 Þ Forstöðumannafundur	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S Október Félö	3 M Skráning / söngkeppni Samfés hefti	3 F Samfésdagurinn / ferð vakt	3 M Dúnnagrun / fésagjöfðvaka hefti
4 F	4 M	4 M Forvarnarlíka - Fönix	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M Starfsmannaféðla	4 F	4 L Söngkeppni Samfés	4 Þ
5 F	5 Þ Forstöðumannafundur	5 F	5 S	5 Þ Liti forstöðumannafundur / Opó	5 F Samfés-Con / Opó	5 M	5 Þ Starfsmannaféðla Vika 5	5 F	5 S	5 M
6 L	6 M	6 F Auka fésdagsgjöf opnun - Landmót Samfés	6 M Starfsmannaféðla	6 M	6 L Þrettándin	6 Þ Forstöðumannafundur	6 M	6 L	6 M	6 F
7 S	7 F	7 L Landmót Samfés	7 Þ Liti forstöðumannafundur / Etko	7 F	7 S	7 M Vika 6	7 F	7 S	7 Þ Liti forstöðumannafundur / Pegasus	7 F
8 M	8 F	8 S Landmót Samfés	8 M Starfsmannaféðla	8 F Jóabál - Dímma	8 M Starfsmannaféðla	8 F	8 F	8 M	8 M Þakvöldsdagur / Húsbúðarfundir	8 L
9 Þ	9 L	9 M Mótavíka	9 F	9 L	9 Þ Forstöðumannafundur	9 F	9 L	9 Þ Liti forstöðumannafundur / Kíaminn	9 F Upplýsingardagur	9 S
10 M	10 S	10 Þ Liti forstöðumannafundur / Jernin	10 F Ratþrotamat Félö - Fönix	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F Vakt ferð til 3.mai	10 M
11 F	11 M	11 M Mótavíka	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ
12 F	12 Þ Liti forstöðumannafundur / Kíaminn	12 F	12 S	12 Þ Forstöðumannafundur	12 F	12 M Soludagur	12 Þ Liti forstöðumannafundur / Beta	12 F Opó	12 S	12 M
13 L	13 M	13 F Opó	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F
14 S	14 F Starfsmannafundur	14 L	14 Þ Forstöðumannafundur	14 F	14 S	14 M	14 F Söngkeppni Félö / Októberdagur	14 S	14 Þ Forstöðumannafundur	14 F
15 M	15 F Starfsmannafundur / Opó	15 S	15 M Starfsmannaféðla Félö - Sönnin	15 F	15 M	15 F	15 F Ratþrotamat Samfés og Etko / Opó	15 M	15 M	15 L
16 Þ	16 L	16 M Félagsmiðstöðva- og unglingamótavíka	16 F	16 L	16 Þ Liti forstöðumannafundur / Dímma	16 F Landspjón Samfés+ / Opó	16 L Ratþrotamat Samfés og Etko	16 Þ Forstöðumannafundur	16 F	16 S
17 M	17 S	17 Þ Forstöðumannafundur	17 F Auka fésdagsgjöf opnun - Rinnaféð	17 S	17 M	17 L Landspjón Samfés+	17 S	17 M	17 F	17 M Lyðveldisdagurinn
18 F	18 M	18 M Sluttmýndasmíða	18 L	18 M	18 F	18 S Landspjón Samfés+	18 M	18 F Aðalfundur Samfés	18 L	18 Þ
19 F	19 Þ Forstöðumannafundur	19 F	19 S	19 Þ Liti forstöðumannafundur / Pegasus	19 F Dankeppni Samfés / Opó	19 M Veitarni	19 Þ Forstöðumannafundur	19 F Aðalfundur Samfés	19 S Hvítasunnudagur	19 M
20 M	20 F	20 F	20 M Dagur mannréttinda barna	20 M Jóabálskennitarnir	20 L Stíll Samfés	20 Þ Liti forstöðumannafundur / Veitarni / Forstöðumannafundur	20 M	20 L	20 M Annar í Hvítasunnu	20 F
21 M	21 F	21 L	21 Þ Liti forstöðumannafundur / Kíaminn	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ Liti forstöðumannafundur / Mólín	21 F
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F Opó	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L Þorlaksmessa	23 Þ Forstöðumannafundur	23 F	23 L	23 Þ Liti forstöðumannafundur / Opó	23 F	23 S
24 F	24 S	24 Þ Liti forstöðumannafundur / Beta	24 F Nordic Youth Summit í Hrópu Opó	24 S Aftangadagur jóla	24 M	24 L	24 S Þakvöldsdagur	24 M	24 F Vakt ferð til 31.mai	24 M
25 F	25 M	25 M Sluttmýndasmíða	25 L	25 M Jóladagur	25 F	25 S	25 M	25 F Sunnudagurinn fyrsti	25 L	25 Þ
26 L	26 Þ Liti forstöðumannafundur / Fönix	26 F Veitarni	26 S	26 Þ Annar í jólu	26 F	26 M	26 Þ Liti forstöðumannafundur / Etko	26 F Opó	26 S	26 M Félö Utlega
27 S	27 M Ratþrotamat Samfés og Etko / Opó	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ Liti forstöðumannafundur / Jernin	27 M	27 L	27 M	27 F
28 M	28 F Fyrsta opnun veitar	28 L Ratþrotamat Samfés og Etko	28 Þ Forstöðumannafundur	28 F	28 S	28 M	28 F Skráning	28 S	28 Þ Forstöðumannafundur	28 F
29 Þ	29 F Ratþrotamat Samfés og Etko	29 S	29 M	29 F	29 M Gekki - töl	29 F	29 F Fésdagurinn langi	29 M	29 F	29 L
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ Liti forstöðumannafundur / Kíaminn	30 L	30 L	30 Þ Forstöðumannafundur	30 F	30 S
31 F		31 Þ Forstöðumannafundur		31 S Gamansdagur	31 M Gekki - töl		31 S Þakvöldsdagur		31 F Félö hafið - ferð vakt	

Starfið í vetur

Í vetur erum við með ákveðnar áherslur fyrir miðstigs starfið annars vegar og unglinga starfið hins vegar. 5.-7.bekkur er með opnunartíma annan hvern miðvikudag og 7.bekkur er með hinn miðvikudaginn á móti. Þetta gerum við til að koma til móts við miðstigið og 7.bekkinn sérstaklega þar sem við teljum að miðstigið þurfi á fleiri opnunum að halda. Á opnunum fyrir allt miðstigið reynum við að hafa mjög afmarkaða dagskrá og munum við í vetur nota Sportabler til þess að halda utan um skráningar á þær opnanir. Við búum dagskrána til í samráði við krakkana og reynum eftir bestu getu að höfða til fjöldans og endurtökum vinsælustu viðburðina. Dæmi um viðburði fyrir miðstigið er brjóstsykursgerð, tie dye bolamálun, spilaklúbbur, föndurklúbbur, útivistarklúbbur, ýmsar keppnir og fleira.

Í unglinga starfinu munum við leggja áherslu á að vera með sértækt hópastarf og annað klúbbastarf á mánudögum klukkan 17-18:30 fyrir 8.-10.bekk. Sértækir hópar eru valdir í samstarfi við skólann og hugmyndir að klúbbastarfi fáum við frá unglingunum sjálfum. Einnig verður lögð sérstök áhersla í vetur á að efla þau til þátttöku í klúbbastarfi í Félkó miðstöðinni, sameiginlegu húsnæði fyrir allar félagsmiðstöðvar í Kópavogi. Þar stefnum við á öflugt klúbbastarf í Dungeons&Dragons hlutverkaspili, rafíþróttum og handavinnu. Forstöðukona Fönix fer með yfirumsjón með Dungeons&Dragons klúbbnum.

Við höfum alltaf fengið góða mætingu í frímínútum, hádegishléi og eftir skóla og munum því halda áfram að vera með þær opnanir frá mánudegi til fimmtudags. Einnig nýta unglingarnir sér að koma til okkar þegar það kemur eyða á stundatöflu hjá þeim. Á þeim tímum sem við erum ekki í húsi, sem er aðallega á mánudags- og miðvikudags morgnum nýtir skólinn rýmið okkar undir hópavinnu og þess háttar.

Við erum í stöðugum samskiptum við skólann varðandi börn og unglinga og mál sem þarf að taka á ásamt því að ræða um sameiginleg mál og viðburði. Fundir með aðstoðarskólastjóra eru vikulegir, en sjaldnar eða oftar ef þörf er á því. Reglulega eigum við fundi og samtöl við kennara og annað starfsfólk. Frístundaleiðbeinandi Fönix og námsráðgjafi eru saman í teymi um undirbúning barnaþings 2024 og forstöðukona situr í forvarnarteymi skólans. Þá situr forstöðukona einnig teymisfundi ákveðinna unglinga sem þroskaþjálfari telur þörf á. Við erum ávallt í samskiptum við skólann þegar kemur að sértæku hópastarfi og skoðum hvaða hópar eða einstaklingar þurfa á slíku starfi að halda. Einnig stefnum við á að vera með starfsmann sem gegnir hlutverki stuðningsfulltrúa á einhverjum opnunum til að koma til móts við unglinga með stuðningsþarfir.

Síðastliðin ár höfum við verið með valáfanga í samstarfi við skólann. Í ár var ekki næg skráning í valið okkar á fyrsta tímabili, en stefnan okkar er að vera með virkt félagsmiðstöðvaráð og verður það samtalið við skólann þegar næsta tímabil hefst hvort það teljist til vals hjá þeim sem munu taka virkan þátt.

Viðburðir

Helstu viðburðir ársins eru árshátíð, jólaball, vökunótt fyrir 8.bekk, gistinótt fyrir 10.bekk, kökukeppni, söngkeppni, útivist, heimsóknir, afmælisveisla, kareoke, ÍTK vikan, rafíþróttamót og ýmsar fræðslur. Þetta er ekki tæmandi listi en félagsmiðstöðvaráð kemur svo að því að skipuleggja fleiri viðburði.

Jólaball og árshátíð eru unnin í samvinnu með skólanum, en við tökum einnig þátt í öllum helstu viðburðum skólans yfir árið, líkt og fjölgreindarleikunum, kosningaverkefni 10.bekkjar að vori, árbókakvölds 10.bekkjar, útskrift 10.bekkjar, fjáröflun 10.bekkjar fyrir útskriftarferð og annað sem kemur upp yfir árið. Helstu sameiginlegu viðburðir félagsmiðstöðva í Kópavogi eru ÍTK vikan, forvarnarvikan, Molavikan, stuttmyndasmiðjur, stuttmyndahátíð, jólaball, rafíþróttamót, nýársball, Getkó, Vika 6, Sköpunardagurinn, skíðaferð, söngkeppni og lokahátíð Félkó. Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna og Samfés eru meðal annars landsmót, félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavikan, rappkeppnin Rímnaflæði, rafíþróttamót, danskeppni, hönnunarkeppnin Stíll, Samfestingurinn, söngkeppnin og leiktækjamót. Einnig eru starfsmannaviðburðir á borð við starfsdaga, aðalfund og Samfés con.

Hópastarf

Allt okkar starf er opið starf en ef við teljum þörf á að vera með sértækt hópastarf til að ná til þeirra unglunga sem þarfnast félagsleg stuðnings, sporna gegn áhættu hegðun og eða efla ákveðna hæfni þá gerum við það. Slíkt er oftast gert í samstarfi við skólann og forsjáraðila. Við erum í góðum samskiptum við aðila innan skólans sem sér um mál nemenda með annað móðurmál en íslensku sem og nemendur sem eru félagslega einangraðir, sækja sértæka félagsmiðstöð (Hrafninn) eða eru með annars konar vanda. Skólinn vinnur mjög gott starf með þessum nemendum og fær oft aðstoð og ráðleggingar frá starfsfólki Fönix eða aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar að láni. Við erum einnig með opið klúbbstarf í gangi yfir veturinn en þau þurfa ekki að skrá sig eða skuldbinda sig til að taka þátt heldur er klúbburinn opinn öllum þeim sem hann vilja sækja hverju sinni.

Dungeons & dragons hlutverkaspil hefur notið mikilla vinsælda í Fönix síðustu ár og verður klúbbur á dagskrá félagsmiðstöðvarinnar í vetur, bæði sem starfsfólk stýrir ásamt því að halda áfram að bjóða hópum sem eru nú þegar að spila að nýta aðstöðuna okkar og efniviða sem til þarf, en við erum sífellt að bæta við okkur búnaði sem þarf til spilunar. Hópurinn sem kemur til okkar að spila finnur oft ekki samleið með öðrum hópum innan skólans og því er mikilvægt að veita þeim rými og aðstoð til að rækta sín áhugamál hjá okkur. Með því erum við að vinna beint með greinar 15 og 31 í Barnasáttmálanum. Við vinnum einnig að markmiðum þeirra greina með því að halda úti félagsmiðstöðvaráði og leita reglulega til allra unglunganna og fá þeirra skoðanir og hugmyndir að því hvernig starfinu okkar er háttað, þá sér í lagi klúbbum, hópastarfi og dagskrá. Við vinnum einnig markvisst í gegnum starfið okkar að greinum númer 2, 12, 13, 15, 29, 31, 33 og 42. Þannig má segja að starfið okkar sé byggt upp á áður nefndum greinum Barnasáttmálans þar sem við leitumst við að halda að þeim forvörnum, vera öruggur staður fyrir þau, hafa þau með í ráðum varðandi flest sem við gerum, hlusta á þau og trúa þeim og veita þeim rými til þess að þroskast og eiga heilbrigð samskipti við jafnaldra og starfsfólk. Frístundaleiðbeinandi í Fönix er í samstarfi við starfsfólk skólans að undirbúa Barnaþing Kópavogs 2023 sem heyrir beint undir verkefni innleiðingar á heimsmarkmiðunum og barnasáttmálanum.

Félkó miðstöðin sem opnuð var í vor í húsnæði Höfuðborgarinnar að Fannborg 2 hefur að geyma einhvern flottasta búnað til klúbbstarfs sem vitað er um, en innblásturinn að henni fengum við í heimsókn okkar til Tampere í Finnlandi haustið 2022. Félkó miðstöðin er miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs, en aðrar stofnanir frístundadeildar Hrafninn, Molinn og Höfuð-Borgin hafa einnig aðgengi að aðstöðunni. Hugmyndin með miðlægri félagsmiðstöð kviknaði þegar stjórnendur og frístundaleiðbeinendur á frístundadeild tóku þátt í námsferð í Tampere í Finnlandi í október sl. þar sem við sáum hversu algengt var að sjá húsnæði (miðsvæðið) með fjölbreytta aðstöðu aðgengilegt ungu fólki á aldrinum 13-29 ára, með áherslu á ungt fólk.

Félkó miðstöðin er miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs, en aðrar stofnanir frístundadeildar Hrafninn, Molinn og Höfuð-Borgin hafa einnig aðgengi að aðstöðunni. Félkó miðstöðin býður upp á margskonar aðstöðu sem hentar bæði hópum og einstaklingum að koma í með starfsfólki félagsmiðstöðvanna. Hinsegin félagsmiðstöðin er til dæmis með fasta viðveru í Félkó-miðstöðinni sem ætluð er öllum unglingum í Kópavogi, en einnig er gott samstarf við Hinsegin félagsmiðstöð í Hafnarfirði og í Reykjavík sem eru velkomin á þær opnanirnar. Unnið er að koma á Velkomin opnanir, þar sem tekið er sérstaklega á móti nemendum með annað móðurmál en íslensku. Velkomin miðar að því að hvetja börn með einstaklingsbundum hætti til þátttöku í samfélaginu í gegnum íþrótt- og frístundastarf og þannig virkja og valdefla þau og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla, íþrótt- og frístundastarf og samfélagið allt. Þátttaka barna í Velkomin fer fram með skipulögðu hópastarfi, vettvangsheimsóknum og annarri uppbyggilegri afþreyingu, í skemmtilegu, jákvæðu og öruggu umhverfi. Í Félkó miðstöðinni má m.a. finna rafíþróttaver, listasmiðju þar sem má finna samavélar, þrívíddaprentara, þrjóna- og föndurvörur, og annað efni til listsköpunar. Í sama rými er einnig aðgengilegt borð- og hlutverkspila búnaður. Félagsmiðstöðvarnar og aðrar stofnanir frístundadeildar geta allar skráð sig í viðeigandi aðstöðu. Frá og með áramótum þegar Félkó-miðstöðin fór af stað hefur þetta gengið vonum framar, en unglingar úr öllum félagsmiðstöðvum Kópavogs hafa komið og nýtt sér aðstöðuna sem og hefur aðstaðan sömuleiðis nýst Höfuð-Borginni sem er með aðstöðu í sama húsnæði og er þjónusta ætluð ungu fólki 16-20 ára með fötlun.

Sumaropnun félagsmiðstöðvar

Fönix stóð fyrir sumaropnun í félagsmiðstöðinni í fjórða sinn í sumar. Líkt og árið áður var boðið upp á sumarsmiðjur fyrir 10 til 12 ára börn en í ár vorum við með tvær smiðjur á viku, einnig héldum við áfram með sértækt hópastarf í 3 vikur í samstarfi við Vinnuskóla Kópavogs ásamt og dag- og kvöldopnunum fyrir unglinga. Sumarsmiðjurnar voru Smáratívolí, Fótboltaland, pizzagrill, brjóstsykursgerð, Tie dye bolamálun, Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn og sundleikir í Salalaug. Starf fyrir unglinga var í formi sértæks- og skipulags hópstarfs, vettvangsferða og viðburða. Einn hópur var í sértæka starfinu sem samanstóð af átta stelpum í 8.bekk. Valið var í hópinn í samstarfi við kennara í unglingadeild skólans. Markmið hópanna var að efla þau félagslega ásamt því að bjóða þeim í afþreyingu og skemmtun við þeirra hæfi. Meðal annars var farið í hópefli, Fly over Iceland, upptöku á þættinum Kappsmál á RÚV, postulínsmálun á Noztra, Hoppland þar sem hoppað er í sjóinn á Akranesi og fleira. Á almennum sumaropnunum var meðal annars farið í kubb, spil, folf, körfubolta, Fönix leikana, útileigu og fleira. Þar gátu börn og unglingar komið saman í öruggu og uppbyggilegu umhverfi, og hver og einn notið sín. Þau sem voru hjá okkur í sértæka hópastarfinu komu inn í gegnum vinnuskólann og fengu greitt fyrir að mæta til okkar. Markmið þessa starfs var að fá inn unglinga sem þurfa stuðning til að bæta sig í félagslegum samskiptum, og var það okkar hlutverk að efla þau og styrkja í gegnum samveru og leiðsögn. Einnig lögðum við sérstaka áherslu í ár á að efla sjálfstraust, samskiptahæfni og vinasambönd þátttakenda.

Barna- og unglingaráð

Í vetur stefnum við á að vera með virkt unglingaráð sem tekur ákvarðanir um dagskrá, viðburði, böll og þess háttar. Ekki verður kosið í ráðið heldur munu vera haldnir fundir yfir veturinn sem öllum sem hafa tíma og áhuga býðst að mæta á. Í skólanum er virkt nemendaráð sem fundar reglulega og ræðir málefni unglingastígs ásamt því að fjölbreytt og virkt lýðræðislegt starf fer stað innan skólans í

samstarfi við félagsmiðstöðina og á okkar vegum. Má þar nefna barnaþing, ungmennaþing, Okkar skóli og kosningaverkefni að vori.

Einnig munum við leita leiða til þess að efla börn á miðstigi til þess að koma með hugmyndir að dagskrá og viðburðum fyrir þeirra aldurshóp, en erfiðara er að ná þeim í fast ráð líkt og hjá unglingunum. Hér er samstarf félagsmiðstöðvar og skóla lykilatriði svo að raddir allra barna fái að heyrast.

Á Landsmóti Samfés 2023 sem haldið er í október á Akureyri verður Fönix með frambjóðanda til ungmennaráðs Samfés, en á hverju ári getur hver félagsmiðstöð sent einn frambjóðanda á Landsmót, ásamt 4 öðrum þátttakendum.

Félkóraráð

Í Félkóraráði sitja átján unglingar, tveir úr hverri félagsmiðstöð. Félkóraráðið sér um að skipuleggja sameiginlega viðburði og annað starf sem félagsmiðstöðvar Kópavogs standa saman að yfir árið.

Ungmennaráð Kópavogs

Ungmennaráð heyrir undir Bæjarstjórn Kópavogs og er skipað fimmtán fulltrúum á aldrinum 13-20 ára. Níu af þessum fulltrúum koma frá grunnskólum Kópavogs, en einn fulltrúi er tilnefndur í ráðið frá hverri félagsmiðstöð/grunnskóla. Tveir fulltrúar koma frá Menntaskólanum í Kópavogi og svo eru fjórir fulltrúar frá Molanum Miðstöð unga fólksins. Bæjarstjórn kýs svo tvo fulltrúa úr sínum röðum sem eru tengiliðir bæjarstjórnar við Ungmennaráð Kópavos. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að veita ungu fólki vettvang og leiðir til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri við viðeigandi aðila. Ráðið skapi þátttakendum vettvang til fræðslu og þjálfunar í lýðræðislegum vinnubrögðum og gæti að hagsmunum barna- og ungmenna í Kópavogi. Ungmennaráð er einnig bæjarstjórn Kópavogs og öðrum nefndum til ráðgjafar um málefni barna og ungmenna.

Ungmennaráð Samfés

Ungmennaráð Samfés er lýðræðislega kjörið ráð ungmenna á aldrinum 13-16 ára alls staðar að af landinu. Kosningar í Ungmennaráð Samfés fara árlega fram á Landsmóti Samfés. Alls er kosið í 9 kjördæmum, þar sem 18 fulltrúar eru kosnir til tveggja ára og 9 fulltrúar til eins árs. Þannig eru fulltrúar ráðsins 27 talsins. Allir þátttakendur á Landsmóti hafa rétt til að bjóða sig fram í ungmennaráðið, hver fyrir sitt kjördæmi. Tvö ungmenni úr Kópavogi sitja í ráðinu annar er kjörinn til tveggja ára og hinn til eins árs. Tilgangur ungmennaráðs Samfés er að efla þátttöku ungmenna í félagsmiðstöðvastarfi og auka jafningjafræðslu. Að ungmenni öðlist rödd í samfélaginu og hafi tengiliði á landsvísi til þess að ræða málefni sem að hagsmunum ungs fólks. Efla Evrópusamstarf við önnur ungmenni og taka þátt í að skipuleggja viðburði á vegum Samfés.

Foreldrasamstarf

Foreldrar fá tölvupósta á íslensku og ensku þegar við viljum senda út fréttir eða upplýsingar um viðburði ásamt því að senda fréttabréf í byrjun hvers mánaðar. Þeim er einnig boðið að fylgja okkur á instagram þar sem við setjum inn auglýsingar fyrir alla viðburði og ýmsan fróðleik. Einnig reynum við eftir fremsta megni að vera í samskiptum við foreldrafélag og foreldrarölt Salaskóla. Í ár hvöttum við foreldra til þess að vera í virkum samskiptum við okkur og segja okkur frá því sem þeim finnst ganga vel og einnig því sem má betur fara. Einnig býðst þeim núna að senda okkur skilaboð á Sportabler varðandi viðburði og annað sem tengist félagsmiðstöðinni.

Verkefni tengd Menntastefnu Kópavogsbæjar

- Auka þátttöku einstaklinga og hópa í sértæku hópastarfi í félagsmiðstöðum í öllum grunnskólum í Kópavogi, með það að markmiði að bæta andlega líðan, félagsfærni, sjálfsöryggi og samhygð.
- Gera mælingar til meta árangur af starfi sértæks hópastarfs í félagsmiðstöðvum Kópavogs.
- Efla þátttöku barna og unglunga með fjölbreyttar þarfir og ólíkan bakgrunn í skipulögðu frístunda- og íþróttastarfi. Sérstök áhersla er á vinnu með börnum með fötlun, með annað móðurmál en íslensku og börnum sem búa við bágar félagslegar aðstæður.

Verkferlar

- Móttaka nýrra starfsmanna
- Verklag þegar grunur vaknar um ofbeldi, vanrækslu eða áhættuhegðun barna í stofnunum Kópavogsbæjar
- Leiðbeiningar fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um viðbrögð við óviðeigandi hegðun, neyslu tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna.
- Verkferlar í starfi félagsmiðstöðva (ferðir, framkvæmd viðburða, útivaktir, samtöl, samskipti við foreldra, skráning slysa og hegðunarfrávika)
- Öryggisgátlisti
- Gátlistar í sértæku hópastarfi
- Handbók um starfið
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)

Ytra og innra mat

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðila, og er það deildarstjóri frístundadeildar sem ákveður hvaða félagsmiðstöð fer í ytra mat ár hvert. Matið byggir á vettvangsheimsóknum, viðtölum við stjórnendur, starfsfólk og unglunga sem félagsmiðstöðina sækja. Markmið matsins er að það sé leiðbeinandi og geti aðstoðað stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar að vinna að framförum og umbótum, auk þess að hlúa að því sem vel er gert.

Innra starfið er metið út frá eftirfarandi þáttum

Lagðar eru fram kannanir fyrir nemendur í 8.-10.bekk sem sækja starf félagsmiðstöðvarinnar. Annars vegar er um að ræða almenna þjónustukönnun þar sem unglingarnir meta árangur og ánægju með starf félagsmiðstöðva. Markmið könnunar er einnig að ná til unglunga sem standa höllum fæti og meta þann árangur starfsins sem snýr að vinnu með einstaka hópa/einstaklinga í félagsmiðstöðvastarfi.

Niðurstöður frá Rannsókn og greining um hagir og líðan ungs fólks í Kópavogi gefa út skólaskýrslur fyrir hvern skóla. Stjórnendur eru hvattir til að rýna skýrsluna í samvinnu við skóla til að koma betur á auga á þætti sem þarf að styrkja í sínu skólahverfi.

Mætingatölur eru teknar saman fyrir hvern mánuð, og samtal við börnin um félagsmiðstöðvastarfið í gegnum unglingaráð eða félagsmiðstöðvaláfanga.


Símenntun

Fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni.

Símenntunaráætlun 2023-2024

Dagsetning	Fræðsluerindi	Efni	Staðsetning	Leiðbeinandi
23. ágúst	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva. <i>Böll, útivaktir, sértækt hópastarf, nýir starfsmenn, tilkynning til barnaverndar, frístundadeild</i>	Smáraskóli	Forstöðumenn félagsmiðstöðva
25.ágúst	Velkomin til starfa!	Hópeflis æfingar fyrir starfsmenn og gleði ☺	Gufunesbær	Forstöðumenn félagsmiðstöðva og ST-URTAN
?	Skyndihjálþ	Skyndihjálþ	Fræðsluvefur Kópavogsbær	Mannauðsdeild Kópavogsbæjar
2. október	Hinsegin fræðsla – Hinsegin vika í tengslum við Forvarnardaginn	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	Fönix	Verum góð
6.nóvember	Verkfærakistu-Dagur Spilasmíðja, D&D, brjóstsykursgerð, föndur	Fyrir starfsfólk frístundadeildar	Félkó-miðstöðin	Forstöðumenn skipta með sér smíðjum
4.desember	Fræðsla-Farsældarlögin	Fyrir stjórnendur og starfsfólk frístundadeildar	Þeba	Sólveig Norðfjörð, innleiðingarteymi farsældarlaga á menntasviði
8.janúar	Sjálfsvarnarnámskeið	Sjálfsvörn	Íþróttahúsið Digranesi	Jón Viðar Sporthúsið
25.janúar	Stjórnendafræðsla	Árangur í teymisvinnu	Fannborg 2, herbergi Völlur	Ragnheiður Aradóttir
5.febrúar	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglinga	Allar starfsstöðvar	Kolbrún jafnréttisfulltrúi Rvk borgar og Samfés
4.mars	Verkfærakistu-dagur	Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru.	Félkó-miðstöðin	Allir starfsmenn

Fjöldatölur veturinn 2022-2023



Vetrar opnanir hófust 29.ágúst og stóðu til 31.maí. Sumaropnanir voru frá 1.júní til 10.júlí.

Starfsfólk

Tinna Heimisdóttir – Forstöðukona

Harpa Rós Guðmundsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Hinrik Snær Katrínarson – Frístundaleiðbeinandi

Þórunn Soffía Snæhólm – Frístundaleiðbeinandi

Jóhannes Bjarki Bjarkason – Frístundaleiðbeinandi

Daníel Hugí Magnússon – Frístundaleiðbeinandi

Andri Valur Bjarnason – Tímavinnustarfsmaður

Axel Freyr – Tímavinnustarfsmaður

Hrafnhildur Anna Hannesdóttir-Tímavinnustarfsmaður (sinnir stuðning til þátttöku í félagsmiðstöðinni)

Annað sem varðar starfsemina